



# Efling frístundastarfs á Kjalarnesi

Skýrsla stýrihóps um aðgerðir til þess að auka þátttöku barna- og ungmenna í skipulögðu frístundastarfi á Kjalarnesi 2024



Reykjavík



## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Ítarleg greining á þátttöku barna á Kjalarnesi í frístundastarfi .....	6
Gögn úr Frístundakorti.....	7
Könnun meðal nemenda og forsjáaðila barna á Kjalarnesi .....	11
Greinar sem krakkar vilja geta æft á Kjalarnesi .....	12
Könnun sem gerð var af starfsfólki Austurmiðstöðvar á vormánuðum 2024.....	13
Samantekt kannana.....	14
Samráð við hagaðila .....	15
Yfirferð á núverandi stöðu .....	15
Austurmiðstöð.....	15
Strætókostnaður / Almenningsamgöngur .....	15
Íþróttakstur.....	15
Rafíþróttir.....	15
Viðbótargæsla í Fellaskóla kostnaður og fyrirkomulag .....	15
Suðurmiðstöð .....	16
Björgunarsveitin Kjölur.....	16
Tillögur hópsins .....	17
1. Fjölbreytt frístundatilboð á sviði íþróttar .....	17
2. Aukið framboð frístundatilboða á sviði dans og listnáms .....	17
3. Kórastarf – þróunarverkefni.....	17
4. Þátttaka ungmenna í starfi björgunarsveita .....	18
5. Auka samstarf við önnur íþróttafélög í nágrenninu .....	18



6. Bæta samgöngur í skipulagðar frístundir í nærliggjandi hverfum .....	18
5. Bæta aðstöðu á vegum UMFK .....	18
Bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks.....	19
Fylgiskjöl .....	20



## Inngangur



Ávarp formanns,

Frístundastyrkurinn er eitthvert mikilvægasta jöfnunartæki borgarinnar þegar kemur að aðgengi barna og ungmenna í borginni að skipulögðu frístundastarfi. Það var eitt fyrsta verk núverandi meirihluta að hækka styrkfjárhæðina um helming í 75 þúsund krónur fyrir hvert barn undir 18 ára og er gleðilegt að sjá að sú hækkun hefur haft tilætluð áhrif því nýting styrksins hefur aukist jafnt og þétt. Nú nýta 82% barna og ungmenna styrkinn borið saman við 65% árið 2015.

Kveikjan að þessari vinnu stýrihóps um frístundastarf á Kjalarnesi voru upplýsingar um að nýting styrksins væri undir meðallagi á Kjalarnesi sérstaklega meðal stúlkna. Ljóst er að kynjamunur varðandi nýtingu styrksins hefur um árabil verið óvenju mikill á Kjalarnesi og hefur það verið leiðarljós hópsins að bregðast sérstaklega við því með því að leggja til aukið framboð á skipulögðum frístundastarfi sem nýst getur stúlkum, samhliða því að horfa til aukinna fjölbreytni sem geti nýst öllum kynjum.

Ég vil þakka félögum mínum í stýrihópnum fyrir gott samstarf, sömuleiðis starfsfólki menningar- og íþróttasviðs og síðast en ekki síst þakka ég fyrir ánægjulegt samstarf við fulltrúa íbúa á Kjalarnesi og skólastjóra Klébergsskóla.

Skúli Helgason



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð samþykkti á 105. fundi sínum 12. janúar 2024 tillögu meirihluta Samfylkingar, Pírata, Viðreisnar og Framsóknarflokks um að settur yrði á fót stýrihópur sem hefði það hlutverk að móta tillögur um aðgerðir til að auka þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi, þar með talið listnámi.

Framtíðarsýn stefnu Reykjavíkurborgar í íþróttamálum til ársins 2030 er að sem flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu.

Öflugt og fjölbreytt íþróttastarf sem snertir fjölbreytta markhópa skiptir miklu máli í forvörnum, félagslegu starfi og að byggja upp gott samfélag. Reykjavíkurborg styrkir börn og unglunga til þátttöku í íþróttum og frístundastarfi með Frístundakortinu, árlegum styrk til allra barna og ungmenna á aldrinum 6-18 ára sem er mikilvægur þáttur í að auka og jafna aðgengi að íþrótt- og félagsstarfi.

Kveikjan að þessari vinnu var niðurstaða úttektar á nýtingu frístundastyrksins frá árinu 2022 sem gaf til kynna að þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu frístundastarfi væri talsvert undir meðallagi í tveimur hverfum borgarinnar, Breiðholti og Kjalarnesi og sömuleiðis marktækt minni í miðborginni. Að meðaltali er nýting Frístundakortsins um og yfir 80% hjá reykvískum börnum, í Breiðholti var hlutfallið einungis 60%, á Kjalarnesi var það 65% og um 70% í miðborginni. Þá var kynjamunur hvergi meiri en á Kjalarnesi þar sem 73% stráka nýttu styrkinn en einungis 58% stúlkna. Undanfarin misseri hefur verið unnið að því á vegum Suðurmiðstöðvar og fleiri að auka þátttöku barna í frístundastarfi í Breiðholti en slík vinna hafði ekki farið fram vegna þátttöku barna á Kjalarnesi. Þess vegna var ákveðið að leggja áherslu á Kjalarnesið, skoða þátttöku barna í skipulögðu frístundastarfi þar sérstaklega, með það í huga að auka samstarf meðal aðila í hverfinu sem koma að menntun, þjálfun og velferð barna sem er einn af þeim verndandi þáttum sem hefur jákvæð áhrif þegar litið er til forvarna.

Stýrihópurinn var skipaður þremur fulltrúum menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs, tveimur frá meirihluta og einum frá minnihluta. Að auki störfuðu með hópnum fulltrúi frá íbúasamtökum Kjalarness, íbúaráði Kjalarness, Ungmennafélagi Kjalarness og Klébergsskóla auk starfsfólks menningar- og íþróttasviðs.

Stýrihópurinn starfaði frá febrúar til október 2024. Fundað var 12 sinnum á tímabilinu 28. febrúar til 30. október

Ákveðið var á fyrsta fundi að hafa samráð við Suðurmiðstöð og Austurmiðstöð vegna þeirra vinnu sem unnin hafi verið þar í sama tilgangi. Einnig var ákveðið að kalla eftir nýjum gögnum úr gagnagrunni Frístundakortsins ásamt því að leggja fyrir könnun meðal barna og forsjáraðila í hverfinu.



### **Helstu markmið/hlutverk samkvæmt erindisbréfi:**

- Ítarleg greining á þátttöku barna
- Yfirferð á núverandi stöðu
- Samráð við hagaðila um aðgengi að frístundastarfi
- Móta tillögur um betra aðgengi að frístundastarfi

### **Stýrihópin skipuðu:**

Skúli Helgason	Formaður
Sabine Leskopf	MÍR
Kjartan Magnússon	MÍR
Olga Ellen Þorsteinsdóttir	Íbúaráð Kjalarness
Björgvin Þorsteinsson	UMFK
Sigrún Anna Ólafsdóttir	Skólastjóri Klébergsskóla
Hildur Guðbjörnsdóttir	Íbúasamtök Kjalarness

### **Með hópnum störfuðu tveir starfsmenn tilnefndir af sviðsstjóra menningar - og íþróttasviðs:**

Jóhanna Garðarsdóttir  
Logi Sigurfinnsson




## Ítarleg greining á þátttöku barna á Kjalarnesi í frístundastarfi

Þátttaka barna á Kjalarnesi þótti lág miðað við önnur hverfi í Reykjavík. Nýjar tölur frá árinu 2023 leiddu í ljós að tölur um þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi höfðu hækkað verulega milli ára en áfram var verulegur munur á þátttöku drengja og stúlkna, þar sem þátttaka stúlkna er umtalsvert minni en þátttaka drengja. Nánari rýni leiddi í ljós að megin skýringin á miklum breytingum milli ára lá í aðferðafræðilegum þáttum við öflun gagna á vegum Hagstofu Íslands.

Póstnúmeraskiptingu var breytt árið 2021 sem hafði áhrif á greiningu gagna. Það ár var Kjalarnesi skipt upp í póstnúmer 116 Grundarhverfi og póstnúmer 162 Reykjavík dreifbýli. Eftir skiptingu póstnúmer fækkaði íbúum í póstnúmeri 116 niður í u.þ.b. 1000 að meðaltali á ári á áunum 2021-2024. Íbúum í Reykjavík dreifbýli fækkaði niður í tæp 400 en áður voru um 3500 skráðir í póstnúmer 116. Þetta skekkti samanburð við önnur hverfi þegar horft er til nýtingar Frístundakortsins.

Haft var samband við Hagstofu Íslands og þær skýringar sem hafa fengist um þetta misræmi eru að tekin var upp ný aðferð við mat á íbúafjölda og í raun hafi íbúafjöldi á Íslandi verið oftalinn um u.þ.b. 15.000 einstaklinga skv. [greinagerð um mannfjölda frá 21. mars 2024](#). Eftir leiðréttingu manntals má sjá að mun betri frístundaþátttaka er á Kjalarnesi meðal barna og ungmenna en eldri tölur gáfu til kynna.


**Mynd 1** sýnir samanburð á nýrra og eldra manntali samkvæmt Hagstofu





## Gögn úr Frístundakorti


**Mynd 1** sýnir nýtingu Frístundakorts árið 2023 eftir póstnúmerum og kynjum







**Mynd 3** sýnir nýtingu Frístundakorts á Kjalarnesi árið 2023 samanborið við Reykjavík í heild.




Á mynd 3 má sjá að þátttaka stráka í frístundum er talsvert umfram meðaltal í Reykjavík en hins vegar er þátttaka stúlkna undir meðaltali. Þá er kynjamunurinn verulegur eða alls 13% sem er með því hæsta sem gerist í borginni.

Nýting Frístundakorts	Strákar	Stelpur
Póstnúmer 116	100%	79%
Póstnúmer 162	78%	79%





**Mynd 4** sýnir nýtingu Frístundakorts á Kjalarnesi eftir aldri barna árið 2023



**Mynd 5** sýnir í hvaða félög börn sem búa á Kjalarnesi sækja


Börn í Grundarhverfi (póstnúmer 116)

Börn sem búa í dreifbýli (póstnúmer 162)






**Mynd 6** sýnir notkun barna með erlent ríkisfang á Frístundakorti í Grundarhverfi og Dreifbýli samanborið við meðaltals notkun barna í Reykjavík.



**Mynd 7** sýnir þróun á nýtingu Frístundakorts á Kjalarnesi eftir á árunum 2021-2023





## Könnun meðal nemenda og forsjáaðila barna á Kjalarnesi

Í maí 2024 lagði stýrihópurinn könnun fyrir nemendur í Klébergsskóla og forsjáraðila þeirra. Spurt var: hvaða tómstundir börn á Kjalarnesi iðka, hvar tómstundaiðkun fer fram, hversu oft stunda börn skipulagðar tómstundir, ásamt því að óskað var eftir tillögum um tómstundagreinar sem börn vildu geta iðkað á Kjalarnesi.

108 nemendur og 50 forsjáraðilar svöruðu könnuninni.

Samkvæmt könnuninni eru 94% barna á Kjalarnesi virk í einhverskonar tómstundastarfi. Af þeim 6% barna sem sögðust ekki vera virk í skipulögðu starfi var jafnt hlutfall milli þess hvort töluð sé íslenska á heimilinu, hvort bæði íslenska og annað tungumál sé talað á heimilinu eða eingöngu annað tungumál. Skipting var líka jöfn meðal þess hvort börnin byggju í Kjós, Grundarhverfi eða í dreifbýli


- 37% barna á Kjalarnesi stunda listnám
- 71% barna á Kjalarnesi stunda íþróttir
- 69% barna á unglingastigi (8.-10. bekk) stunda líkamsrækt

## Mynd 8 sýnir tómstundaiðkun barna í póstnúmerum 116 og 162 eftir flokkum

Börn sem stunda listnám

Börn sem stunda íþróttir

Unglingastig í líkamsrækt





Greinar sem börn vilja geta æft á Kjalarnesi

**Mynd 9** sýnir á myndrænan hátt þær greinar sem börn á Kjalarnesi langar að æfa í nærumhverfi



**Tafla 1** sýnir þær greinar sem flest börn nefndu að þau myndu helst vilja geta stundað á Kjalarnesi.

Grein sem börn vilja æfa	Fjöldi atkvæða
Dans	7
Handbolti	4
Skautar	3
Trommur	3
Box	3
Körfubolti	3

Þegar eingöngu eru skoðuð svör frá stúlkum þar sem þátttaka þeirra í skipulögðu tómstundastarfi er minni en drengja má sjá að þær vilja helst geta æft dans í sínu nærumhverfi. Því næst koma ábendingar um að listaskóla, myndlist, leiklist vanti á svæðið og það sem var í þriðja sæti var að geta æft skauta í heimabyggð.



Könnun sem gerð var af starfsfólki Austurmiðstöðvar á vormánuðum 2024

**1.-3. bekkur:**

21 af 25 stunda frístundir. 7 af þessum 21 sem stunda frístundir þurfa akstur til þess að sækja sínar frístundir. 19 af 25 langar að prófa að æfa badminton, 10 af 25 sem væru til í að prófa borðtennis, 5 til í að prófa keilu, 6 ballet, 5 bandý og 1 rafíþróttir.

**4.-5. bekkur:**

21 af 24 stunda frístundir. 16 af þessum 21 þurfa akstur til þess að sækja sínar frístundir. 7 af þessum 21 æfa fótbolta í Mosfellsbæ og 8 af þessum 21 æfa sund í Mosfellsbæ 2 af þessum 21 æfa fimleika í Mosfellsbæ. 13 af 24 langar að prófa æfa rafíþróttir, 7 af 24 væru til í að prófa borðtennis.

**6. bekkur:**

15 af 17 stunda frístundir. 4 af þessum 15 sem stunda frístundir þurfa akstur til þess að sækja sínar frístundir.

**7. bekkur:**

8 af 11 stunda frístundir. 3 af þessum 8 sem stunda frístundir þurfa akstur til þess að sækja sínar frístundir.

**8. – 10. bekkur:**

12 af 26 stunda frístundir. 11 af þessum 12 sem stunda frístundir þurfa akstur til þess að sækja sínar frístundir.

Asturmiðstöð lagði fyrir aðra könnun í október 2023 þar sem kom sterkt fram að börnin á Kjalarnesi óskuðu eftir því að fá blakkennslu í hverfið.



## Samantekt kannana

Þær kannanir sem lagðar voru fyrir forsjáraðila og börn bæði af stýrihóp og Austurmiðstoð sýna að þátttaka í skipulögðum tómstundum er góð á Kjalarnesi og yfir meðaltali í Reykjavík en verulegur kynjamunur kemur fram þar sem hallar á stúlkur. Meginverkefnið er því að leita leiða til að auka þátttöku stúlkna í skipulögðum frístundum á Kjalarnesi. Yngri börnin sækja frekar í skipulagt starf í sínu nær umhverfi á meðan eldri börn þurfa akstur til þess að sækja sínar frístundir. Helst er kallað eftir því að börn geti stundað dansæfingar af því sem ekki er í boði að stunda í hverfinu.

Þegar börn í 8.-10. bekk eru skoðuð sérstaklega í þeirri könnun sem stýrihópurinn lagði fyrir og borið saman við fyrri könnun Austurmiðstöðvar kemur upp ósamræmi. Í könnun stýrihópsins segjast 26 börn af 29 stunda íþróttæfingar, listnám eða líkamsrækt í hverri viku. 14 börn segjast stunda skipulagðar íþróttir, 4 börn bætast við þegar spurt er um listnám og 8 til viðbótar þegar spurt er hvort þau stundi líkamsrækt. Ef reynt er að rýna í það sem þessi börn kalla helst eftir eru færri en helmingur sem svara og ekki samhljómur í svörum og allir sem svara eru þegar virk í að minnsta kosti einni skipulagðri frístund.



## Samráð við hagaðila

Verkefnið var unnið í samstarfi við Íbúaráð Kjalarness, íbúasamtök Kjalarness, Ungmennafélag Kjalarness og Klébergsskóla,

Fengin voru innlegg frá Velferðasviði (Suðurmiðstöð og Austurmiðstöð) ásamt því að upplýsinga var leitað hjá Hagstofu, Strætó BS, Björgunarsveit Kjalarness, Skóla- og frístundasviði, Tónlistarskóla Kjalarness, Íþróttabandalagi Reykjavíkur og fleirum

## Yfirferð á núverandi stöðu

### Austurmiðstöð

Starfsfólk Austurmiðstöðvar er með fjármagn til þess að vinna að tilraunaverkefnum til að auka þátttöku þar sem við á og jafnframt til að styðja fjölskyldur með takmörkuð efni til að fjármagna frístundaiðkun barna sinna.

### Strætókostnaður / Almenningsamgöngur

Leið 57 fer 11 sinnum milli Reykjavíkur og Akranes alla virka daga, þess utan er leið 29 sem er pöntunarþjónusta og fer fimm sinnum á dag virka daga. Kostnaður per ferð í pöntunarþjónustu er um þessar mundir 4.500 kr samkvæmt upplýsingum frá Strætó BS.

Ferðir Strætó BS á virkum dögum frá Klébergsskóla til Reykjavíkur eru 15 talsins. Leið 57 fer tíu ferðir á dag og þess utan fer leið 29 (pöntunarstrætó) fimm ferðir. Ferðum er stillt upp þannig að á álagstímum er aldrei meira en klukkustund á milli ferða.

### Íþróttakstur

Kannaður var styrkur til félaga vegna íþróttaksturs sem er mismunandi eftir félögum, fer eftir fjölda iðkenda, fjölda greina og stærð hverfis sjá fylgiskjal.

### Rafíþróttir

Rafíþróttir eru ekki styrktar af Íþróttabandalagi Reykjavíkur en veittur var stofnstyrkur um 2.5 milljónir króna sem dreifðist á milli þeirra félaga sem stofnuðu rafíþróttadeild.

### Viðbótargæsla í Fellaskóla kostnaður og fyrirkomulag

Haft var samband við fjármálaskrifstofu SFS og fengust þær upplýsingar að ekkert aukaframlag væri til staðar.





## Suðurmiðstöð

Fjallað um sendiherraverkefni og verkefni sem unnin hafa verið í hverfinu til þess að auka þátttöku. Mikilvæg reynsla í Suðurmiðstöð sem hægt er að nýta á fleiri stöðum.

## Björgunarsveitin Kjölur

Ekkert barna- og unglíngastarf hefur verið á vegum björgunarsveitarinnar Kjalar síðastliðin ár vegna fárra meðlima í björgunarsveitinni en meðan á vinnu stýrihópsins stóð kom fram vilji sveitarinnar til að efla barna- og unglíngastarfið á komandi mánuðum og misserum.



## Tillögur hópsins

### 1. Fjölbreytt frístundatilboð á sviði íþróttá

Boðið verði upp á fjölbreytt tilboð og kynningar á mismunandi íþróttagreinum til að auka þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi. Horft verði til niðurstaðna viðhorfskannana og samtala starfsfólks Austurmiðstöðvar við börn á Kjalarnesi í vali greina þar sem áhugi kom fram á greinum á borð við blak, borðtennis, pílu, pool, styrktaræfingum með leiðsögn og sjálfsvarnaríþróttum. Sérstaklega verði horft til þess að auka framboð á frístundatilboðum sem höfða til stúlkna, þar sem þátttaka þeirra hefur verið marktækt minni en stráka. Verkefnið verði unnið í samvinnu við Austurmiðstöð, sem er nú þegar með verkefni sem miðar að því að virkja börn í hverfinu. Austurmiðstöð útvegi þjálfara/kennara til þess að kynna þessar tómsundur í afmarkaðan tíma og vekja athygli á þeim. Í framhaldi er leiðbeint hvert hægt sé að leita til áframhaldandi iðkunar. Menningar- og íþróttasvið og/eða skóla- og frístundasvið leggi til aðstöðu. Menningar- og íþróttasvið komi að fjármögnun til kaupa á búnaði ef með þarf.

Verðmat 500.000

### 2. Aukið framboð frístundatilboða á sviði dans og listnáms

Boðið verði upp á fléttu þar sem verði gefinn kostur á því að stunda dans og fjölbreytt listnám í samvinnu við Klébergsskóla sem rekur tónlistarskóla innan vébanda skólans. Stúlkur kalla mest eftir því að fá dans í hverfið og miðað við rýni starfsfólks Austurmiðstöðvar er helst kallað eftir frjálsu dansformi. Til dæmis verði horft til þess að bjóða upp á námskeið á sviði myndlistar, leiklistar og annarra sviðslista eftir áhugasviði barnanna.

Verðmat 500.000

### 3. Kórastarf – þróunarverkefni

Kórastarf á Kjalarnesi gæti verið góð viðbót við framboð á tómsundastarfi fyrir börn á Kjalarnesi og Kjós. Að syngja í kór er mjög félagsleg athöfn og gefur börnum tækifæri að þroska og þróa ýmsa hæfileka, bæði félagslega og listræna. Rannsóknir sýna fram á mikilvægi söngs og tónlistar fyrir börn en þátttaka í söng eykur orðaforða, samkennd, félagsfærni, tungumálakunnáttu og fleira. Kórastarf á Kjalarnesi væri mjög í anda þeirra áherslna sem kynntar voru í nýlegri stefnu [skóla- og frístundaráðs um eflingu tónlistarkennslu í borginni.](#)

Verðmat 500.000 á ári



#### 4. Þátttaka ungmenna í starfi björgunarsveita

Hvatt er til þess að sett verði á fót ungmennadeild á vegum Björgunarsveitarinnar Kjalár á Kjalarnesi í samstarfi við viðkomandi starfsfólk Landsbjargar. Þátttaka ungmenna í starfi björgunarsveita getur falið í sér dýrmæta reynslu í að kynnast og beita fyrstu hjálp, styrkja félagsfærni og sjálfseflingu og fá innsýn og taka þátt í undirbúningi við afar mikilvæga samfélagsþjónustu.

#### 5. Auka samstarf við önnur íþróttafélög í nágrenninu

UMFK hefur unnið með Aftureldingu með þeim hætti að félagið útvegar þjálfara í sund og körfubolta, einnig er verið að skoða blak. Erfiðlega hefur gengið að finna tíma sem passar þjálfurum.

Ekki er samstarf til staðar við Ungmennafélagið Fjölni en lagt er til að hvatt verði til slíks samstarfs með samtölum við forsvarsmenn félagsins.

#### 6. Bæta samgöngur í skipulagðar frístundir í nærliggjandi hverfum

Leita leiða til að auka tíðni þöntunarstrætó (leið 29) til að koma til móts við aukna frístundapátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi.

Verðmat miðað við eina auka ferð á dag 2.500.000 á ári

Verðmat miðað við tvær auka ferðir á dag 5.000.000 á ári

#### 5. Bæta aðstöðu á vegum UMFK

Á samráðsfundum stýrihópsins kom fram ósk frá forsvarsmönnum UMFK um að aðstaða verði stækkuð við íþróttamiðstöðina á Kjalarnesi svo hún nýtist betur fyrir starfsemi ungmennafélagsins.

#### **Stækkun íþróttahúss**

Óskað er eftir viðbyggingu á íþróttahúsi 60 fm. áhaldageymslu að grunnfleti og 60 fm. milliloft. Kostnaður er áætlaður 700.000 á fm. breytingin á húsnæðinu er það mikil að hún þarf að fara í hönnun og deiliskipulagsbreytingu. Gera þarf ítarlega greiningu og setja á fjárfestingaráætlun.

Verðmat 84.000.000



### **Stækkun líkamsræktaraðstöðu**

Óskað er eftir viðbyggingu á íþróttahúsi 90 fm. líkamsræktaraðstöðu að grunnfleti 90 fm. og 90 fm. milliloft. Kostnaður er áætlaður 700.000 á fm. breytingin á húsnæðinu er það mikil að hún þarf að fara í hönnun og deiliskipulagsbreytingu. Gera þarf ítarlega greiningu og setja á fjárfestingaráætlun.

Verðmat: 126.000.000

### **Tjald í íþróttahús.**

Óskað er eftir tjaldi í íþróttahús til að hægt sé að tvískipta íþróttahúsi. Óskað var eftir tilboði í verkið.

Verðmat 7.000.000

### **Bergvík**

Skipta þarf um glugga, þak og klæða húsið.

Verðmat um 30.000.000

### **Bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks**

Starf stýrihóps um aukið frístundastarf á Kjalarnesi hefur gengið vel og í skýrslu hópsins eru margar góðar tillögur sem líklegt er að muni bera ávöxt. Ljóst er að brýnasta verkefnið á þessu sviði er að bæta húsnæðisaðstöðu Ungmennafélags Kjalnesinga í íþróttamiðstöðinni að Klébergi svo hún nýtist betur fyrir starfsemi félagsins og hverfið í heild. Í september 2022 lögðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að ráðist yrði í nauðsynlegt viðhald og endurbætur á íþróttahúsinu, m.a. þakviðgerðir og skipt um gólfefni. Þakviðgerðir hafa nú farið fram og æskilegt er að metið verði hvort þær séu fullnægjandi. Þá er lagningu viðargólfs í sal hússins nýlukið og er það ánægjulegur áfangi í endurbótum á honum. Brýnt er að tjald verði sett upp sem fyrst í íþróttasalnum svo hægt sé að skipta honum í tvennt. Þá er æskilegt að taka ákvörðun um viðbyggingu við íþróttahúsið svo unnt sé að stækka líkamsræktarsal og koma fyrir áhald- og tækjageymslu. Þá þarf að bæta aðstöðu UMFK í Bergvík.



## Fylgiskjöl

1. Greining úr Frístundakorti frá 2023 og 2024
2. Niðurstöður könnunar frístundatengils eftir heimsókn í Klébergsskóla
3. Niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir börn og foreldra Klébergsskóla